
Blöndulína 3

Ákvörðun um matsáætlun

1 INNGANGUR

Þann 16. júní 2020 barst Skipulagsstofnun tillaga Landsnets að matsáætlun vegna fyrirhugaðrar lagningar Blöndulínu 3, um Húnavatnshrepp, Sveitarfélagið Skagafjörð, Akrahrepp, Hörgársveit og Akureyrarkaupstað, samkvæmt 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, sbr. lið 3.08 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Akrahrepps, Akureyrarbæjar, Húnavatnshrepps, Hörgársveitar, Sveitarfélagsins Skagafjarðar, Ferðamálastofu, Fiskistofu, Hafrannsóknastofnunar, Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra, Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra, Minjastofnunar Íslands, Náttúrufræðistofnunar Íslands, Orkustofnunar, Landgræðslunnar, Umhverfisstofnunar og Vegagerðarinnar.

2 GÖGN LÖGÐ FRAM

Tillaga framkvæmdaraðila að matsáætlun: Blöndulína 3. Tillaga að matsáætlun. Landsnet, júní 2020.

Umsagnir um tillögu að matsáætlun bárust frá:

- Akureyrarbæ, dags. 10. júlí 2020
- Húnavatnshreppi, dags. 7. október 2020
- Hörgársveit, dags. 27. ágúst 2020
- Sveitarfélaginu Skagafjörður, dags. 28. júní 2020
- Fiskistofu, dags. 31. ágúst 2020
- Hafrannsóknastofnun, dags. 13. júlí 2020
- Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra, dags. 27. júlí 2020
- Heilbrigðiseftirliti Norðurlands vestra, dags. 25. júní 2020
- Landgræðslunni, dags. 30. júní 2020
- Minjastofnun Íslands, dags. 6. júlí 2020
- Náttúrufræðistofnun Íslands, dags. 12. ágúst 2020
- Orkustofnun, dags. 1. október 2020
- Umhverfisstofnun, dags. 9. júlí 2020
- Vegagerðinni, dags. 12. ágúst 2020

Eftirtaldir aðilar gerðu athugasemd við tillögu að matsáætlun:

- Samtök ferðaþjónustunnar, dags. 7. ágúst 2020
- Samtök um náttúruvernd á Norðurlandi, dags. 6. ágúst 2020
- Ólafur Margeirsson, dags. 9. ágúst 2020
- Þórunn Rákel Gylfadóttir og Sveinn Margeirsson, Mælifellsá 2, og Hrafnhildur Brynjólfsdóttir og Hrafn Margeirsson, Mælifellsá lóð, dags. 9. ágúst 2020



- Eigendur jarðanna Álfgeirsvalla, Álfheima, Brekkukots, Brúnastaða, Hvíteyra, Kolgrafar, Lækjargerðis, Mælifells, Mælifellsár, Starrastaða, Syðra-Vatns, Syðri-Mælifellsár, Ytri-Mælifellsár, Þorsteinsstaða og Þorsteinsstaðakots í Skagafirði, dags. 9. ágúst 2020
- Egill Örlygsson og Efemía Fanney Valgeirsdóttir, Daufá í Skagafirði, dags. 9. ágúst 2020
- B. Pálsson ehf., eigandi Héraðsdals I, Stapa, Laugardals og landspildna úr Héraðsdal II í Sveitarfélaginu Skagafirði, dags. 8. júlí 2020
- Helgi Bergþórsson, Brenniborg í Skagafirði, dags. 5. ágúst 2020
- Veiðifélag Húseyjarkvíslar, dags. 5. ágúst 2020
- Heiðrún Ósk Eymundsdóttir og Pétur Örn Sveinsson, Saurbæ í Skagafirði, dags. 6. og 9. ágúst 2020
- Eigendur 22 landareigna í Hörgársveit, dags. 6. ágúst 2020
- Örn Þorvaldsson, dags. 9. ágúst 2020
- Skógræktin, dags. 14. júlí 2020
- Ólafur Valsson, Hólum í Öxnadal, dags. 30. ágúst 2020

Landsnet sendi Skipulagsstofnun viðbrögð sín við ofangreindum umsögnum og athugasemdum með tölvupóstum dags. 22. og 30. október 2020. Með viðbrögðunum fylgdi ódagsett minnisblað um möguleika á að nota jafnstraumstengingu í flutningskerfinu sem Guðmundur Kristjánsson og Ragnar Kristjánsson hjá Háskóla Reykjavíkur unnu fyrir Landsnet. Frekari viðbrögð bárust frá B. Pálsson ehf. með bréfi dags. 20. nóvember 2020 og Hólahólum ehf. með tölvupósti þann 16. desember 2020, sem Landsnet brást við þann 23. desember 2020.

3 FRAMKVÆMD OG UMHVERFISÁHRIF

Í framlagðri tillögu Landsnets eru kynnt áform fyrirtækisins um lagningu 220 kV raflínu um rúmlega 100 km leið milli Blönduvirkjunar og Akureyrar undir yfirskriftinni Blöndulína 3. Markmið framkvæmdarinnar er þrjúþætt, þ.e.; a) að bæta flutningsgetu meginflutningskerfisins og auka þannig afhendingargetu allra afhendingarstaða á landsbyggðinni, b) að tryggja stöðugleika raforkukerfisins á Norður- og Austurlandi og c) að auka nýtni núverandi virkjana sem tengjast við meginflutningskerfið á Norðurlandi. Framkvæmdin er matsskyld samkvæmt tölulíð 3.08 í 1. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000. Lega línunnar er fyrirhuguð um fimm sveitarfélög, þ.e. Húnavatnshrepp, Sveitarfélagið Skagafjörð, Akrahrepp, Hörgársveit og Akureyrarbæ. Í tillögu Landsnets er gerð grein fyrir fyrirhugaðri framkvæmd, þeim valkostum sem ætlunin er að meta, umhverfisþáttum sem taldir eru geta orðið fyrir áhrifum og hvernig Landsnet hyggst standa að mati á umhverfisáhrifum.

Að neðan er gerð grein fyrir atriðum sem fjalla þarf um í frummatsskýrslu umfram það sem tilgreint er í tillögu Landsnets, viðbrögðum fyrirtækisins við umsögnum og athugasemdum eða leiðir beint af kröfum í 20. gr. reglugerðar um mat á umhverfisáhrifum nr. 660/2015.

Forsendur framkvæmdar

Í tillögu að matsáætlun kemur fram að svigrúm til jarðstrengslagna í Blöndulínu 3 sé um 4-7 km miðað við 550 MVA flutningsgetu.

Í umsögn Hörgársveitar er bent á að af skýrslu atvinnu- og nýsköpunarráðuneytis frá 2019 að dæma er það spennuhækkun tengd launafslamleiðslu strengs sem ræður því hve langan kafla Blöndulínu 3 er hægt að leggja í jörðu. Hörgársveit gerir athugasemd við að ekki komi fram í skýrslum sem vísað er til í tillögu að matsáætlun að hve miklu leyti unnt er að jafna út launafslamyndun með spólum. Sveitarstjórn telur að upplýsa þurfi þessar forsendur á ítarlegan hátt til að þær geti legið til grundvallar skipulagsákvörðunum sveitarfélagsins.



Í svörum Landsnets er bent á að í tilvísaðri skýrslu kemur fram að launafldsútfjöfnun skuli ekki vera meiri en sem nemur 50% af launafldsframleiðslu línunnar og hvers vegna svo er. Enn fremur er fjallað um þetta nokkuð ítarlega í skýrslu Landsnets frá 2017.

Í frummatsskýrslu þarf að fjalla um hvort og þá að hvað miklu leyti unnt er að jafna út launafldsmyndun með spólum. Ekki er fullnægjandi að vísa bara til umfjöllunar í ofangreindum skýrslum.

Í athugasemdum er bent á að ekki sé ljóst hvaða áhrif það kann að hafa á vegalengd þá sem hægt væri að leggja jarðstrengi á línuleið Blöndulínu 3 ef kerfið á Norður- og Austurlandi væri tengt við sterka kerfið á Suðurlandi og með tilkomu Kröflulínu 3 og Hólasandslínu 3 en í viðbrögðum Landsnets við þessum athugasemdum kemur einmitt fram að við slíka tengingu eykst kerfisstyrkurinn umtalsvert á áhrifsvæði framkvæmdanna. Í kerfisáætlun 2020-2029 kemur eftirfarandi fram: „Í samræmi við raforkulög er lögð fram áætlun um uppbyggingu meginflutningskerfisins næstu 10 árin. Á áætluninni er að finna uppfærslur og nýbyggingar á 220 kV línulögnum sem munu mynda nýja kynslóð byggðalínu. Línurnar munu ná samfelld frá Suðurnesjum til Höfuðborgarsvæðis, til Hvalfjarðar og þaðan um Vesturland, Norðurland og austur að Fljótsdalsstöð. Þær línur sem um ræðir eru Kröflulína 3 á milli Kröflu og Fljótsdals, en framkvæmdir við hana eru þegar hafnar, Hólasandslína 3 á milli Akureyrar og Kröflu og Blöndulína 3 á milli Blöndu og Akureyrar. Þessu til viðbótar koma tvær línur sem enn hafa ekki fengið nafn, þ.e. ný 220 kV lína frá Hvalfirði í Hrutafjörð og 220 kV lína á milli Hrutafjarðar og Blöndu“.

Í frummatsskýrslu þarf að fjalla um þetta atriði, þ.e. hvaða áhrif það kann að hafa á vegalengd þá sem hægt væri að leggja jarðstrengi á línuleið Blöndulínu 3 ef kerfið á Norður- og Austurlandi væri tengt við sterka kerfið á Suðurlandi sem fyrirhugað er skv. framansögðu. Ef það er niðurstaða Landsnets að fyrst þurfi að byggja upp 220 kV kerfi frá Blöndustöð að Fljótsdalsstöð áður en kemur að tengingum milli Suðurlands og Norðurlands þarf það að koma fram með rökstuðningi.

Þá þarf í frummatsskýrslu að vera ítarleg umfjöllun um þær tæknilegu takmarkanir og styrk flutningskerfisins eftir landshlutum sem stýra því hversu langar strenglagnir eru mögulegar, m.a. í því ljósi að í tilfelli Suðurnesjalínu 2 voru raunhæfir jarðstrengsvalkostir mun lengri en í tilfelli Blöndulínu 3.

Í tillögu að matsáætlun kemur fram að eitt af markmiðum framkvæmdarinnar er að auka nýtni núverandi virkjana á Norðurlandi sem ekki hafi verið hægt að fullnýta.

Í athugasemdum hefur verið bent á að Landsnet þurfi að útskýra betur þetta markmið, þ.e. gera grein fyrir þeim virkjunum sem Blöndulína 3 kemur til með að auka nýtni á og þá til að flytja raforku hvert. Í svörum Landsnets er útskýring þessa markmiðs óljós.

Í frummatsskýrslu þarf að fjalla ítarlegar um það markmið með lagningu Blöndulínu 3 að auka nýtni núverandi virkjana á Norðurlandi sem ekki hafi verið hægt að fullnýta.

Valkostir

Í athugasemdum nokkurra aðila er gerð krafa um að Landsnet leggi fram valkost sem felst í jafnstraumsstreng alla línuleiðina. Sambærileg sjónarmið er einnig að finna í umsögn Hörgársveitar, en þar er m.a. lögð áhersla á að uppbygging á flutningskerfi raforku innan sveitarfélagsins verði um jarðstreng.

Í svörum Landsnets kemur fram að fyrirtækið telur jafnstraumsstreng ekki raunhæfan valkost, m.a. vegna tæknilegra takmarkana slíkra strengja. Bendir fyrirtækið á að notkun jafnstraumstengingar, sem hluta af hringtengdu flutningskerfi, þekkist hvergi. Því til stuðnings er m.a.a. vísað í skýrslu sem unnin fyrir ráðuneyti umhverfis- og auðlindamála og atvinnuvega- og nýsköpunarmála og skýrslu sem Landsnet fékk Háskólann í Reykjavík til að vinna fyrir sig vegna fyrrgreindra athugasemda.



Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir því af hverju jafnstraumsstrengur er ekki talinn raunhæfur valkostur.

Í athugasemdum hefur verið bent á að jarðstrengur sé betur til þess fallinn að standast veðurálag en loftlínur og tekur Landsnet undir það í svörum sínum en bendir á að viðgerðartími jarðstrengja sé mun lengri en loftlína.

Í frummatsskýrslu þarf að fjalla nánar um þennan viðgerðartíma sem hlýtur að taka mið af biluninni sem um er að ræða auk þess sem koma þurfa fram upplýsingar um tíðni bilana í tilfelli jarðstrengs annars vegar og 220 kV loftlínu hins vegar.

Vegagerð og tækjabúnaður

Í tillögu að matsáætlun kemur fram að yfirborðsbreidd vinnuslóða verði á bilinu 3,5 - 4,5 metrar og meðal breidd þess svæðis sem raska þarf við slóðagerð 4,6 - 5 metrar. Heildarefnisþörf í fyllingar er áætluð 400.000 til 500.000 m³.

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands er bent á að halda þurfi allri slóðagerð í lágmarki og frekar notast við „rétt“ flutningstæki og önnur tæki við framkvæmdir og viðgerðir á línunum, ekki hvað síst á viðkvæmum svæðum. Góð greining á þessu þarf að vera í frummatsskýrslu fyrir alla valkosti.

Í svörum Landsnets kemur fram að leitast verður við að nýta fyrirbyggjandi slóðir eins og kostur er. Í frummatsskýrslu verður gerð ítarleg grein fyrir fyrirhugaðri vegslóðagerð, staðsetningu, vegalengd, útfærslu og umfangi fyrir alla línuleiðarkosti. Þá verða slóðir flokkaðar eftir umfangi rasks.

Í frummatsskýrslu þarf í samræmi við ábendingar Náttúrufræðistofnunar Íslands að fjalla um notkun flutningstækja sem krefjast ekki veglagningar við uppsetningu loftlína og viðgerð þeirra.

Í athugasemdum hefur verið bent á nauðsyn ítarlegrar umfjöllunar um vegi vegna lagningar Blöndulínu 3 sem Skipulagsstofnun tekur undir.

Í frummatsskýrslu þurfa að koma fram upplýsingar þær sem bent hefur verið á í athugasemdum, þ.e. lengd vega, þversnið þeirra, skeringar og fyllingar, áætluð ræsagerð, útskot og áætluð umferð á framkvæmdatíma vegna efnisflutninga, sem og umferð um vegina að framkvæmdum loknum. Koma þarf fram heildarbreidd svæða sem raskast að meðaltali vegna veglagningar. Þá þurfa að koma fram upplýsingar um heildarumfang raskaðs svæðis vegna loftlínu- og hliðarslóða annars vegar og jarðstrengs hins vegar á sambærilegum kafla.

Efnistaka

Í tillögu að matsáætlun kemur fram að heildarefnisþörf í fyllingar er áætluð 400.000 til 500.000 m³. Fyrir liggur greining á 60 mögulegum efnistöskustöðum frá árinu 2009. Fram kemur að efnistakan valdi beinu raski innan efnistökusvæðanna og geti haft áhrif á gróður, jarðmyndanir og skert búsvæði fugla. Einnig er bent á að huga þurfi að mögulegum áhrifum á fornleifar og vatnalíf ef námur eru í ám.

Í frummatsskýrslu þarf að fjalla um og meta sjónræn áhrif efnistöku.

Landslag, víðerni og ásýnd

Í tillögu að matsáætlun kemur fram að við mat á áhrifum á landslag verður m.a. horft til víðerna.

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands er bent á að munur sé á valkostum línuleiðanna hvað varði víðerni og því eðlilegt að gerð sé sérstök greining í frummatsskýrslu á óbyggðum víðernum samhliða landslagsgreiningu.

Í svörum Landsnets er bent á að óbyggð víðerni eru einn af þeim þáttum sem horft er til við mat á gildi landslagsheilda og vægi áhrifa. Notast verður við þá skilgreiningu á víðernum sem finna má í lögum um náttúruvernd og stuðst við fyrirbyggjandi kortlagningu. Einnig ætlar Landsnet að skoða



hvort þörf sé á að beita aðferðum útsýnisgreiningar á einhverjum svæðum sem tæki þá mið af þeim annmörkum laganna sem Náttúrufræðistofnun bendir á.

Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir raski á óbyggðum víðernum skv. mismunandi kostum með hliðsjón af ábendingum Náttúrufræðistofnunar Íslands.

Í kafla 8.1.3 kemur fram að rétt sé að hafa í huga að það sem er sýnilegt í landslaginu velti á mörgum þáttum og megi þar nefna mismunandi aðstæður eins og dagsbirtu, árstíðir og samspil ljóss við mismunandi veðurfarsaðstæður.

Í frummatsskýrslu þarf að birta líkanmyndir sem sýna fyrirhugaðar raflínur að vetri til þegar snjór er yfir svæðunum.

Í athugasemdum hefur verið bent á að aðferðarfræði sú sem styðjast á við við mat á áhrifum á ásýnd og landslag sé óljós.

Í frummatsskýrslu þarf að koma skýrt fram hvaða þættir verða lagðir til grundvallar við mat á næmni landslagsheilda.

Í tillögu að matsáætlun kemur fram að landslagsheildir sem bætast við vegna nýrra leiðarvalkosta verða kortlagðar í landupplýsingagrunni sem byggir á greiningu á landformum, ásýnd, áferð og yfirborði og um leið verður lagt mat á viðkvæmni svæðis og umfang breytinga sem munu eiga sér stað.

Í athugasemdum hefur verið bent á nauðsyn þess að endurskoða flokkun landslagsheilda um miðbik Öxnadals sem notast var við í fyrri umhverfismati Blöndulínu 3. Einnig var gerð athugasemd við þá nálgun í fyrri mati, að loftlína sem liggur ekki um landslagsheild geti aldrei haft nema óveruleg áhrif á viðkomandi landslagsheild.

Í svörum Landsnets er m.a. bent á að aðferðafræðin hafi verið í framþróun og áherslubreytingar átt sér stað á þeim rúmu 10 árum sem liðin eru frá fyrri mati. Landsnet áformar að uppfæra landslagsgreiningar, flokkun og mat á gildi landslags og mat á áhrifum fyrirhugaðrar Blöndulínu 3 á landslag og ásýnd með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum og fyrirhuguðum athugunum.

Í frummatsskýrslu þarf að gera ráð fyrir að afmörkun landslagsheilda á línuleiðinni samkvæmt fyrri umhverfismati verði endurskilgreind í ljósi nýrra áherslna og upplýsinga.

Jarðmyndanir

Í tillögu að matsáætlun kemur fram að gildi jarðmyndana verður m.a. metið með hliðsjón af ákvæðum um friðun jarðmyndana í lögum.

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands er bent á að ekki er til jafn ítarleg greining á jarðminjum á landsvísu og t.d. fyrir vistgerðir eða mikilvæg fuglasvæði. Engu að síður eru til skýr verndarmarkmið fyrir jarðminjar sbr. 3. gr. laga um náttúruvernd. Þar þarf því að gera góða greiningu á þeim jarðmyndunum sem er að finna á framkvæmdasvæðinu og fá samanburð við landshlutann og/eða landið í heild eins og við á og hægt er. Ekki nægir að lýsa jarðfræðinni almennt. Skoða þarf jarðminjar í ljósi skilgreiningar á hugtakinu jarðfræðileg fjölbreytni sbr. 5. gr. laga um náttúruvernd. Fyrir utan friðaðar jarðminjar þarf að skoða vel C-hluta náttúruminjaskrár og auk þess viðmið um val á svæðum á náttúruminjaskrá, t.d. gildi minja miðað við aðrar í sama flokki náttúruminja meðal annars m.t.t. jarðfræðilegrar fjölbreytni. Ávallt þarf síðan að skoða einstök fyrirbæri sem geta verið mjög fágæt á lands eða heimsvísu. Einnig þarf að líta til alþjóðlegs samstarfs um vernd jarðminja s.s. á vegum ProGeo og IUCN.

Í svörum Landsnets kemur fram að í greiningu á jarðmyndunum á fyrirhuguðu athugunarsvæði, sem og við mat á mögulegum áhrifum, verða þau viðmið sem Náttúrufræðistofnun Íslands bendir á höfð til hliðsjónar.



Í frummatsskýrslu þarf í samræmi við ábendingar Náttúrufræðistofnunar Íslands að vinna greiningu á jarðmyndunum á framkvæmdasvæðinu og bera saman við landshlutann og landið í heild eins og hægt er, þ.m.t. berghlaupin í Öxnadal. Horfa þarf m.a. til verndarmarkmiða fyrir jarðminjar, friðunarákvæða í lögum, náttúruminjaskrár, jarðfræðilegrar fjölbreytni og fágætis.

Fornleifar

Í tillögu að matsáætlun kemur fram að niðurstöður fornleifaskráningar frá 2008 verði uppfærðar með tilliti til núverandi krafna og fornleifar skráðar á áhrifasvæði nýrra leiða og efnistökuastaða.

Minjastofnun Íslands telur að uppfæra þurfi skráninguna frá 2008 í samræmi við nógildandi staðla stofnunarinnar. Í því felst m.a. að mæla þarf útlínur fornleifa upp með nákvæmu GPS tæki. Í framhaldinu er mikilvægt að setja útlínur fornleifa inn á loftmynd/kort þar sem afmörkun fyrirhugaðrar framkvæmdar er einnig sýnd. Minjastofnun bendir jafnframt á mikilvægi þess að skrá fornleifar alls staðar þar sem jarðvegsframkvæmdir eru fyrirhugaðar.

Í frummatsskýrslu þarf að fjalla um möguleg áhrif framkvæmdarinnar á fornleifar með hliðsjón af fornleifaskráningu sem uppfyllir nógildandi staðla Minjastofnunar Íslands fyrir öll svæði þar sem jarðvegsframkvæmdir eru fyrirhugaðar. Með frummatsskýrslu þarf að fylgja kort sem sýnir útlínur minja og fyrirhugaðs rasksvæðis vegna framkvæmdarinnar.

Mótvægisáðgerðir

Í tillögu að matsáætlun er bent á mögulegar mótvægisáðgerðir fyrir Rangárvallalínu 1 vegna ásýndaráhrifa á völdum köflum. Fram kemur að í frummatsskýrslu verða metin áhrif þess að leggja Rangárvallalínu 1 í jörðu og setja Rangárvallalínu 1 og Blöndulínu 3 saman á tvíásamöstur. Einnig verður skoðaður sá möguleiki að rífa Rangárvallalínu 1, ef greining kerfisáætlunar leiðir í ljós að um raunhæfan valkost sé að ræða. Ekki er gert ráð fyrir mótvægisáðgerðum vegna Blöndulínu 2.

Sveitarfélagið Skagafjörður fer þess á leit við Landsnet að fyrirtækið skoði þann valkost í samræmi við skilmála í aðalskipulagi sveitarfélagsins að Blöndulína 2 verði lögð sem jarðstrengur þegar framkvæmdum við Blöndulínu 3 er lokið.

Í svörum Landsnets kemur fram að tilkoma nýrrar tengingar á milli Akureyrar og Varmahlíðar skapi forsendur til niðurrifs á Rangárvallalínu 1, en í tillögu að matsáætlun lágu þessar upplýsingar ekki fyrir. Fram kemur að framlagður aðalvalkostur fyrir Blöndulínu 3 í Kerfisáætlun 2020-2029, sem bíður afgreiðslu Orkustofnunar, gerir ráð fyrir því að Rangárvallalína 1 verði rifin. Blöndulína 2 helst óbreytt, en yrði hún tekin niður yrði einungis ein tenging inn á Varmahlíð.

Skipulagsstofnun bendir á að í mati á umhverfisáhrifum Hólasandslínu 3 kom fram að með tilkomu nýrra 220 kV flutningslína á Norðurlandi opnist möguleikar á því að leggja núverandi 132 kV línu (Kröflulínu 1) að hluta í jörðu til mótvægis en Hólasandslínu 3 á að reisa samsíða Kröflulínu 1 að lengstum hluta frá Akureyri til tengivirkis á Hólasandi. Í frummatsskýrslu þarf í samræmi við framangreint að fjalla um þá möguleika sem eru fyrir hendi að leggja Blöndulínu 2 í jörðu. Einnig þarf að fjalla um þær forsendur sem gera það kleift að rífa niður Rangárvallalínu 1 og hvort að niðurrifið hafi einhver áhrif á þá jarðstrengskosti sem lagt var mat á.

Vöktun

Í frummatsskýrslu þarf að leggja fram áætlun um vöktun umhverfisáhrifa eftir að framkvæmdum er lokið og starfsemin er komin í rekstur, eftir því sem við á.



4 NIÐURSTAÐA

Í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum hefur Skipulagsstofnun farið yfir framlagða tillögu Landsnets að matsáætlun ásamt þeim umsögnum og athugasemdum sem borist hafa stofnuninni og viðbrögðum framkvæmdaraðila við þeim. Skipulagsstofnun fellst á tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun með eftirfarandi athugasemdum:

1. Í frummatsskýrslu þarf að vera ítarleg umfjöllun um þær tæknilegu takmarkanir og styrk flutningskerfisins eftir landshlutum sem stýra því hversu langar strenglagnir eru mögulegar, m.a. í því ljósi að í tilfelli Suðurnesjalínu 2 voru raunhæfir jarðstrengsvalkostir mun lengri en í tilfelli Blöndulínu 3. Einnig þarf að fjalla um hvaða áhrif það kann að hafa á vegalengd þá sem hægt væri að leggja jarðstrengi á línuleið Blöndulínu 3 ef kerfið á Norður- og Austurlandi væri tengt við sterka kerfið á Suðurlandi, líkt og fyrirhugað er samkvæmt kerfisáætlun 2020-2029. Ef það er niðurstaða Landsnets að fyrst þurfi að byggja upp 220 kV kerfi frá Blöndustöð að Fljótsdalsstöð áður en kemur að tengingum milli Suðurlands og Norðurlands þarf það að koma fram með rökstuðningi. Loks þarf að fjalla um hvort og þá að hvað miklu leyti unnt er að jafna út launaflymyndun með spólum.
2. Í frummatsskýrslu þarf að fjalla ítarlegar um það markmið með lagningu Blöndulínu 3 að auka nýtni núverandi virkjana á Norðurlandi sem ekki hafi verið hægt að fullnýta.
3. Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir ástæðum þess að jafnstraumsstrengur er ekki talinn raunhæfur valkostur á línuleið Blöndulínu 3.
4. Í frummatsskýrslu þarf að fjalla nánar um viðgerðartíma á jarðstreng, sem hlýtur að taka mið af biluninni sem um er að ræða, auk þess sem koma þurfa fram upplýsingar um tíðni bilana í tilfelli jarðstrengs annars vegar og 220 kV loftlínu hins vegar.
5. Í frummatsskýrslu þarf í samræmi við ábendingar Náttúrufræðistofnunar Íslands að fjalla um notkun flutningstækja sem krefjast ekki veglagningar við uppsetningu loftlína og viðgerð þeirra.
6. Í frummatsskýrslu þurfa að koma fram upplýsingar þær sem bent hefur verið á í athugasemdum, þ.e. lengd vega, þversnið þeirra, skeringar og fyllingar, áætluð ræsagerð, útskot og áætluð umferð á framkvæmdatíma vegna efnisflutninga, sem og umferð um vegina að framkvæmdum loknum. Koma þarf fram heildarbreidd svæða sem raskast að meðaltali vegna veglagningar. Þá þurfa að koma fram upplýsingar um heildarumfang raskaðs svæðis vegna loftlínu og hliðarslóða annars vegar og jarðstrengs hins vegar á sambærilegum kafla.
7. Í frummatsskýrslu þarf að fjalla um og meta sjónræn áhrif efnistöku.
8. Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir raski á óbyggðum víðernum, skv. mismunandi kostum með hliðsjón af ábendingum Náttúrufræðistofnunar Íslands.
9. Í frummatsskýrslu þarf að birta líkanmyndir sem sýna fyrirhugaðar raflínur að vetri til þegar snjór er yfir svæðunum.
10. Í frummatsskýrslu þarf að koma skýrt fram hvaða þættir verða lagðir til grundvallar við mat á næmni landslagsheilda.
11. Í frummatsskýrslu þarf að gera ráð fyrir að afmörkun landslagsheilda á línuleiðinni samkvæmt fyrra umhverfismati verði endurskilgreind í ljósi nýrra áherslna og upplýsinga.
12. Í frummatsskýrslu þarf í samræmi við ábendingar Náttúrufræðistofnunar Íslands að vinna greiningu á jarðmyndunum á framkvæmdasvæðinu og bera saman við landshlutann og landið í heild eins og hægt er, þ.m.t. berghlaupin í Öxnadal. Horfa þarf m.a. til verndarmarkmiða fyrir jarðminjar, friðunarákvæða í lögum, náttúruminjaskrár, jarðfræðilegrar fjölbreytni og fágætis.
13. Í frummatsskýrslu þarf að fjalla um möguleg áhrif framkvæmdarinnar á fornleifar með hliðsjón af fornleifaskráningu sem uppfyllir núgildandi staðla Minjastofnunar Íslands fyrir



öll svæði þar sem jarðvegsframkvæmdir eru fyrirhugaðar. Með frummatsskýrslu þarf að fylgja kort sem sýnir útlínur minja og fyrirhugaðs rasksvæðis vegna framkvæmdarinnar.

14. Í frummatsskýrslu þarf að fjalla um þá möguleika sem eru fyrir hendi að leggja Blöndulínu 2 í jörðu. Einnig þarf að fjalla um þær forsendur sem gera það kleift að rífa niður Rangárvallalínu 1 og hvort að niðurrifið hafi einhver áhrif á þá jarðstrengskosti sem lagt var mat á.
15. Í frummatsskýrslu þarf að leggja fram áætlun um vöktun umhverfisáhrifa eftir að framkvæmdum er lokið og starfsemin er komin í rekstur, eftir því sem við á.

Framkvæmdaraðili getur kært ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, sbr. 14. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000. Kærufrestur er til 2. febrúar 2021.

Reykjavík, 29. desember 2020

Jakob Gunnarsson

Jón Ágúst Jónsson